

**Nd.**

### **338. Nefndarálit**

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað mál þetta ýtarlega, og þar á meðal rætt um málið við stjórn Fasteigna eigendafélags Reykjavíkur.

Með lögum frá 4. apríl 1939, 7. gr., voru sett ákvæði um það, að á tímabilinu til 14. maí 1940 var bannað að hækka húsaleigu, hverskonar sem var, og eins þó samið hefði verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar. Jafnframt var bannað að segja upp húsaleigusamningum, nema ef leigusali þyrfti sjálfur á húsnæðinu að halda, eða ef leigutaki stæði ekki í skilum með greiðslu húsaleigunnar.

Með þessu frv. er ætlað til, að ákvæði 7. gr. laganna frá 4. apríl 1939 verði lögfest á ný, nokkru fyllri og ótímabundin.

Meðan núverandi styrjaldarástand helst virðist ekki verða hjá því komið að setja löggjöf, er sem best tryggt það tvennt: annarsvegar, að húsaleiga hækki ekki nema sem allra minnst, og hinsvegar, að húsaleigunefnd hafi heimild til að hækka leigu eftir húsnæði vegna aukins viðhaldskostnaðar og rekstrar húseignarinnar, er stafar af vaxandi dýrtíð.

Nefndin telur ekki nauðsynlegt, að lögín nái til einstakra herbergja, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

Loks telur nefndin rétt, að húsaleigunefnd sé skipuð á sama veg og ákveðið var í 7. gr. l. 4. apríl 1939.

Í samræmi við framanritað leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr.

a. Orðin „hverskonar sem er“ í 1. másl. falli burt.

b. Á eftir orðunum „og skattahækkana af fasteignum“ í 2. másl. komi: og annars þess háttar.

c. Á eftir greininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lög þessi taka ekki til leigu á einstökum herbergjum, sem leigutaki eða húseigandi leigir einhleypum út frá íbúð sinni.

2. Við 2. gr. Í stað orðsins „óþolandi“ í lok síðari másl. komi: verulega óþægilegt.

3. Við 3. gr. Fyrri málsgrein orðist þannig:

Í Reykjavík skal skipa húsaleigunefnd. Eiga sæti í henni þrír menn, tveir skipaðir af ríkisstjórninni, en hæstiréttur skipar þann þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Þrír varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

4. Við 4. gr. Á eftir „sbr.“ í 2. másl. komi: þó.

Alþingi, 3. apríl 1940.

Thor Thors,  
form.

Vilm. Jónsson,  
fundaskr., með fyrirv. um brtt. 1. c.  
Sveinbjörn Högnason.

Garðar Þorsteinsson,  
frsm.  
Bergur Jónsson.